

1216. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. apríl 2021, kl. 17:30 í fjarfundi - Zoom.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Ragnar Þór hóf fund með því að óska eftir samþykki fyrir þeirri dagskrárbreytingu að bæta við nýjum dagskrárlið sem væri nr. 8: „Niðurgreiðsla á gistingu sumarið 2021”.
Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1215. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1215. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Stjórnin skiptir með sér verkum, kosning varaformanns og ritara

Ragnar Þór sagði að nú yrði kosinn varaformaður VR og að Harpa Sævarsdóttir gæfi áfram kost á sér í embættið. Spurði hann svo hvort einhver annar gæfi kost á sér. Svo var ekki og er Harpa Sævarsdóttir því kjörinn varaformaður VR til næsta starfsárs.

Ragnar Þór sagði þá næst að nú yrði kosinn ritari VR og að Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir gæfi áfram kost á sér í embættið. Spurði hann svo hvort einhver annar gæfi kost á sér. Svo var ekki og er Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir því kjörinn ritari VR til næsta starfsárs.

3. Kosning í ráð og nefndir á vegum VR

Ragnar Þór sagðist hafa rætt við alla stjórnarmenn og leggur fram skjalið „Ráð og nefndir – tillaga 2021” en það er sú tillaga hans um uppstillingu í ráð og nefndir sem hann hefur gert eftir þau samtöl en hann taldi að hann hefði getað farið eftir óskum hvers og eins að mestu leyti.

Eftirfarandi tillögur eru gerðar:

Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs

Selma Björk Grétarsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Sigrún Guðmundsdóttir
Þórir Hilmarsson

Varamenn

Jón Steinar Brynjarsson
Benedikt Vilhjálmsson

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Arnþór Sigurðsson
Fríða Thoroddsen
Þórir Hilmarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Starfsmenntanefnd VR

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður

Sirry Hallgrímsdóttir

Húsnæðisnefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson



Þorvarður Bergmann Kjartansson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Helga Ingólfssdóttir
Harpa Sævarsdóttir

Varamenn

Jón Steinar Brynjarsson
Þórir Hilmarsson

Laganefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Helga Ingólfssdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamaður

Friðrik Boði Ólafsson

Launanevnd VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Kjaramálanefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður

Bjarni Þór Sigurðsson

Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir



Varamaður

Helga Ingólfssdóttir

Jafnréttisnefnd VR

Friðrik Boði Ólafsson

Fríða Thoroddsen

Selma Björk Grétarsdóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður

Bjarni Þór Sigurðsson

Styrkjanefnd VR

Helga Ingólfssdóttir

Selma Björk Grétarsdóttir

Sigurður Sigfússon

Þórir Hilmarsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamenn

Friðrik Boði Ólafsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Framtíðarnefnd VR

Friðrik Boði Ólafsson

Fríða Thoroddsen

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Jón Steinar Brynjarsson

Sirry Hallgrímsdóttir

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður

Þórir Hilmarsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Umhverfisnefnd VR

Helga Ingólfssdóttir

Friðrik Boði Ólafsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Þorvarður Bergmann Kjartansson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður

Þórir Hilmarsson

Öldungaráð VR

Ragnar Þór Ingólfsson
Sigurður Sigfússon
Selma Björk Grétarsdóttir

Starfsmenntasj. verslunar og skrifst.f.

Sigurður Sigfússon
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Varamaður

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis ofangreindar tillögur um skipan í nefndir og ráð auk stjórnar SVS.

Samþykkt samhljóða.

4. Starfsreglur stjórnar

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Starfsreglur stjórnar VR*“ og sagði að samkvæmt reglum beri að leggja árlega fram til umfjöllunar starfsreglur stjórnar VR. Þetta sé nú lagt fram til yfirlestrar en verður svo tekið fyrir til samþykktar á næsta fundi. Ekki hefur mikið breyst í starfsreglunum síðustu árin en þó hafi verið rætt nýverið um reglur um samþykktir milli stjórnarfunda en annað ekki.

5. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að unnið hafi verið að mörgum málum undanfarið á vettvangi ASÍ í tengslum við efndir stjórnvalda á málum vegna Lífskjarasamningsins. Margt er enn sem stendur uppá stjórnvöld sem ekki hefur verið efnt af þeirra hálfu.

Líka er unnið með VR mál eins og húsnæðismálin og þá verkefnið með Blæ. Búið er að samþykkja málið hjá ASÍ og verður væntanlega samþykkt hjá BSRB á morgun. Bjarg mun þá geta byggt fyrir Blæ í framtíðinni. Borgin bíður svo með lóð VR og vonandi klárast



málið fljótt og vel. Húsnæðisnefnd VR tekur svo við málinu og upplýsir stjórn um framgang þess reglulega.

Núningur hefur verið innan ASÍ vegna lífeyrisfrumvarps stjórnvalda um breytingar á m.a. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Málið hefur verið keyrt í gegn og óljóst er hver ber ábyrgðina á gerð frumvarpsins. Athugasemdir sem gerðar eru varða breytingu á 1. gr. laganna þar sem lagt til að upphafsviðmiðunarlundur þegar réttindaávinnsla til ellilífeyris hefst, sem nú er frá 16 ára aldri, verði hækkaður í 18 ár. Þá er einnig gerð athugasemd við breytingu á 14. gr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri breytingu að horfið verði frá því að lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum séu verðtryggðar mánaðarlega heldur skuli þær verðbættar 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs næstliðins árs.

Verkalýðshreyfingin er sammála um þetta nema það hvernig séreignarhlutanum er ráðstafað. Við höfum þrýst á að hægt sé að safna hækkuninni en lögin þrýsta þessu inn í sameignarhlutann. Þetta er of flókið fyrir t.d. ungt fólk sem ekki er farið að huga að þessum málum. Ekkert samráð hefur verið um þessa leið sem er í frumvarpinu. Finnst honum vanta ákveðna tengingu milli ASÍ og grasrótarinnar í þessum efnum.

Umræður.

Stefán fór nú yfir tölulega útreikninga sem við höfum gert á áhrifum þessara breytinga og kom þar m.a. fram að breytingin á 1. gr. jafngildi 1,5% lækkun eða sem nemur 7.379 kr. á mánuði fyrir 16 og 17 ára og þar sem tilgreind séreign lækkar um sem nemur 354.952 kr. m.v. að lagt sé í tilgreinda séreign (3,5%) og ávaxtað til 67 ára aldurs. Myndi þetta lækka launakostnað fyrirtækja á Íslandi á kostnað launþega sem nemur 640.458.700 kr.

En breytingin á 14. gr. samkvæmt útreikningi jafngildir 1,6% skerðingu greiðslna m.v. lífeyrisgreiðslur frá 67 ára til 83 ára aldurs (m.v. 350 þús. kr. mánaðarlegum lífeyri og 3,50% verðbólgu) eða greiðslutap sem nemur alls 1.520.249 kr.

Ragnar Þór lagði nú fram drög að ályktun um þetta efni.

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að farið yrði betur yfir textann og bætt inn atriðum s.s. er varðar útreikningana sem Stefán kynnti ofl. Mun Ragnar Þór senda yfirfarinn og breyttan texta ályktunarinnar á fundarmenn síðar í tölvupósti.

6. Tæknistefna VR

Stefán lagði fram skjalið „Tæknistefna VR“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að í desember sl. hafi verið stofnaður stýrihópur um tæknistefnu VR þar sem sátu m.a. Bjarni Þór auk starfsmanna VR og ráðgjafa frá KPMG en hópurinn skilgreindi helstu áherslur sem þyrfti að taka tillit til. Þá tók við smærri vinnuhópur þar sem áherslurnar voru flokkaðar í samráði við ýmsa starfsmenn VR og skilgreindar lýsingar og ávinningur.

Í drögum að stefnunni kemur m.a. fram að félagið vilji verða leiðandi meðal stéttarfélaga í stafrænni þjónustu og auðvitað má segja að félagið sé það nú þegar en sem dæmi hafi VR byrjað með „Mínar síður“ fyrir félagsmenn VR árið 2005 á meðan önnur félög eru vart nema nýbúin að koma slíku á í dag. Við höfum búið að því að hafa alltaf haft að mestu okkar eigin kerfi og tæknifólk í vinnu. Eftirfarandi eru svo drögin að tæknistefnunni:

“Tæknistefna VR

VR stefnir að því að hagnýta upplýsingatækni í starfsemi félagsins þar sem kerfi, þjónusta og tækninýjungar skulu vera öflug stöð við þau markmið sem félagið hefur sett sér.

Þjónustu félagsins skal miðlað markvisst til félagsmanna með notkun stafrænna miðla og upplýsingar úr gagnasöfnum skulu nýttar til þess að veita félagsmönnum sem besta þjónustu.

Tryggja skal gagnaöryggi og gagnaheilindi við vinnslu og varðveislu gagna með skýrum verklagsreglum, rekjanleika aðgerða, samþættu skjalaumhverfi og dulkóðun gagna.

Upplýsingatækni skal notuð til þess að skapa starfsfólki skilvirkt starfsumhverfi og auka yfirsýn stjórnenda. Notendabúnaður starfsfólks skal hæfa verkefnum þeirra og styðja við sveigjanlegt starfsumhverfi. Starfsfólk skal fá stuðning við að sækja sér þá þekkingu sem þarf til að sinna þeirri tækni sem er til staðar hjá félaginu á hverjum tíma.

Félagið verði leiðandi meðal stéttarfélaga í stafrænni þjónustu við félagsmenn sína og þjónusta við félagsmenn verði aðgengileg rafrænt á vef félagsins eins mikið og hægt er.”

Eins og kom fram viljum við vera leiðandi í þessum efnum en gríðarleg aukning hefur orðið í stafrænni þjónustu VR síðustu misserin og er stefnan sú að þjálfa starfsfólk til að takast á við þær breytingar en ekki að skipta þeim út.

Þá fór Stefán yfir s.k. „vegvísi“ þar sem verkefni voru kortlögð eftir tímabilum næstu tvö árin þar sem rauði þráðurinn er samþætt þróun, skilvirkni og öruggur rekstur. Verkefni sem talin eru upp eru ekki endanlegur listi því við það bætist ef eitthvað nýtt kemur upp. Mjög misjafnt er hve langt hvert verkefni er komið en sem dæmi er verkefnið um stúdíó VR svo til tilbúið.

Komið verður upp innri stýrihópi tæknistefnunnar sem ber ábyrgð á innleiðingu hennar og fylgist með stöðunni á hvernig verkefnin í vegvísinum vinnast og fundar reglulega.

Þessu samhliða er lagt til nýtt verklag hjá VR þar sem skilgreind verkefni verða unnin samkvæmt aðferðum verkefnastjórnunar. Þá yrði sett upp verkefnateymi sem hefði verkefnastjóra, ábyrgðaraðila, notanda og framkvæmdaaðila. Sett væri fram verkáætlun og tekin ákvörðun um hvort verkið rúmist innan fjárhagsáætlunar hverju sinni eða hvort þurfi að bíða til næsta árs eða setja fyrir stjórn til ákvörðunar. Allt væri þetta svo unnið í teymisvinnu.

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að kynning verði á tölvu- og tæknimálum VR á næsta fundi.

Að þessu loknu bar Ragnar Þór upp tæknistefnu VR til samþykktar eins og hún er hér að ofan og kynnt hafði verið.

Samþykkt samhljóða.

7. Tillögur að breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)

Stefán lagði fram skjalið „Bréf frá Lífeyrissjóði verzl.m. breytingar á samþykktum“ dags. 25. mars 2021. Í bréfinu kemur fram að stjórn LV hafi samþykkt breytingar sem lúta að grein 5.3 og 5.9 í samþykktum sjóðsins er varða skýrleika ákvæðanna um það hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna lífeyrissjóðsins verði dregið til baka. Gert er ráð fyrir að gera grein fyrir breytingunum á aukaársfundi lífeyrissjóðsins í maí n.k. en óskað eftir samþykki aðildarsamtaka sjóðsins fyrir þann fund.

Fór Stefán næst yfir orðalag breytinga og er þar lagt til að grein 5.3 orðist þannig:

“Stjórnarmaður getur látið af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur og tilkynningu þar um skal hann senda stjórn sjóðsins og samtökum þeim er tilnefndu hann.

Tilnefningaraðili hefur heimild til að afturkalla tilnefningu stjórnarmanns áður en kjörtímabili hans lýkur hafi stjórnarmaðurinn brotið gegn starfsskyldum sínum samkvæmt lögum, samþykktum þessum eða öðrum gildandi reglum. Afturköllun tilnefningar skal

rökstudd og staðfest af fulltrúum viðkomandi tilnefningaraðila í fulltrúaráði sjóðsins og tilkynnt stjórn sjóðsins formlega.

Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur tekur varamaður hans sæti í stjórn sjóðsins í hans stað þar til þau samtök er tilnefndu hann hafa tilnefnt nýjan aðalmann í stjórn samkvæmt þeim reglum sem um það gilda samkvæmt samþykktum þessum. Nýr stjórnarmaður situr út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns.”

Þá bætist við grein 5.9 ný málsgrein svohljóðandi:

“Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.”

Gildistaka kemur svo að fengnu samþykki aðildarsamtaka lífeyrissjóðsins sbr. gr. 24 í samþykktum sjóðsins og staðfestingu ráðherra sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997.

Umræður.

Arnbór vék hér af fundi kl. 19:55

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessar breytingar á samþykktum LV upp til samþykkis.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en hjá sátu Kristjana Þorbjörg, Jónas Yngvi, Þórir og Sigríður Lovísa.

8. Niðurgreiðsla á gistingu sumarið 2021

Stefán lagði fram skjalið „*Tillaga að niðurgreiðslu á orlofsgistingu sumarið 2021*“ dags. 14. apríl 2021 með upplýsingum um niðurgreiðslur gistingar og tillögur að útfærslu fyrir VR. Rætt hafði verið um það á síðasta stjórnarfundinum að fá slíkar upplýsingar þar sem eru teknar saman mismunandi leiðir og form niðurgreiðslu gistingar hjá stéttarfélögum hér á landi en mjög misjafnt getur verið hvort það er í formi sérstakra gistimiða á ákveðin hótél eða bein niðurgreiðsla. Þá eru mörg félög aðeins með takmarkað framboð þar sem fyrstir koma, fyrstir fá.

Vegna COVID lítur út fyrir að orlof félagsmanna VR verði með öðru sniði en undanfarin ár. Ljóst er að aðeins hluti félagsmanna getur nýtt sér orlofshús félagsins í sumar vegna þess að eftirspurn er mun meiri en framboð. Til að koma til móts við þessar breytingar er tillaga um að VR bjóði félagsmönnum niðurgreiðslu á gistingu sumarið 2021. VR veiti styrki til félagsmanna þannig að reikningur vegna gistingar innanlands er niðurgreiddur

um 70% en að hámarki 10.000 kr. fyrir hvern félagsmann. Um væri að ræða tímabundna aðgerð vegna COVID.

Niðurgreidd gisting væri á tímabilinu 2. maí til 15. september 2021. Um er að ræða gistingu á gististað sem hefði starfsleyfi til rekstur á gististað. Eingöngu væri um niðurgreiðslu á gistingu að ræða en ekki veitingum t.d. morgunverði. Sækja þyrfti um þennan styrk fyrir 30. september 2021 en eftir það væri lokað fyrir umsóknir. Allir fullgildir félagsmenn ættu rétt á þessum styrk fyrir utan þá sem leigja orlofhús eða nýta styrk vegna ferðavagna af félaginu sumarið 2021.

Mat á kostnaði við þessa aðgerð er háð ýmsum óvissupáttum. Ef gert ráð fyrir að 3.000 félagsmenn nýti sér niðurgreiðslu gistingar þá væri beinn kostnaður VR vegna þessa 30 m.kr. en ef það væru 8.000 félagsmenn væri kostnaður VR 80 m.kr.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar þessa ofangreindu tillögu um niðurgreiðslu gistingar fyrir félagsmenn VR sumarið 2021.

Samþykkt samhljóða.

Svanhildur Ólöf vék hér af fundi kl. 20:33

Ragnar Þór óskaði hér eftir heimild fundarmanna til að framlengja fundi til kl. 21:00 Samþykkt.

Fundi er slitið kl. 20:55
Árni Leósson, fundarritari